

Skýrsla stjórnar 2013  
Félags lóðareigenda við Berjamóa

Stofnfundur félagsins var haldinn þann 14. mars 2013 í Ölveri í Glæsibæ, þar sem Magnús vert lánaði aðstöðu okkur að kostnaðarlausu. Mæting var langt undir væntingum en fundurinn taldist löglegur og félagið var stofnað, eins og segir í fundargerð.

Vegna fjárskorts hefur ekki verið mikið um framkvæmdir á árinu sér í lagi ekki fjárfrekar en vonandi verður bætt úr því á sumri komanda.

Stjórnarmenn hafa reynt að sinna viðhaldi eins og kostur er, svo sem á vegi og girðingum, en meira þarf að koma til svo að það geti talist viðunnandi.

Félagið fékk sína eigin heimasíðu þar sem að reynt verður að setja inn tilkynningar og miðla upplýsingum til félagsmanna svo sem fundargerðir, lög félagsins og fl., einnig verðum við með myndir frá helstu viðburðum og hátíðum.

Grillhátíð var haldin 28. júlí og tókst hún eindæma vel og var ánægjulegt hvað mæting var góð. Átti fólk hér ánægjustund saman, borðaði góðan mat og nágrannar kynntust. Almenn ánægja var með hátíðina.

Stefnt er að því að halda grillhátíð í sumar á svipuðum tíma en það verður tilkynnt í pósti og á heimasíðu og vonandi verður góð mæting.

Guðmundur Ásgeir Eiríksson formaður